



# DALAPÓSTURINN

11. tölublað, 8. árgangur  
28. október 2015

## Lengd viðvera

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur samþykkt að starfrækja lengda gæslu fyrir grunnskólabörn í 1. - 4. bekk Auðarskóla, frá lokum skóla til 17:15.

Gert er ráð fyrir að starfsemin hefjist í fyrstu eða annarri viku nóvembermánaðar, ef þátttaka næst.

Mikilvægt er að sótt verði um sem fyrst til að hægt verði að skipuleggja starfið með tilliti til fjölda þátttakenda.

Umsóknareyðublað og gjaldskrá má nálgast á skrifstofu og á vef Dalabyggðar.

## Byggðasafn Dalamanna - Óþekkt andlit

Annan hvorn sunnudag fram að áramótum verður dagskrá á Byggðasafni Dalamanna kl. 15.

Sunnudaginn 1. nóvember verður efnið "Óþekkt andlit". Þar verður farið yfir óþekkt andlit og annað í ljósmyndasafninu. Bæði skoðaðar ógreindar og greindar myndir og fjallað um þær leiðir sem færar eru til að greina þær.

Sunnudaginn 15. nóvember heldur Héraðsskjalasafn Dalasýslu upp á norræna skjaladaginn. Samnorrænt þema í ár er "Án takmarkana - Gränslös". Ekki hefur verið fastsett dagskrá sunnudagana 29. nóvember, 13. desember og 27. desember. Frítt er inn dagskrá sunnudagana 1. og 15. nóvember.

Hver sá sem hefur efni fram að færa og er tilbúinn að stíga á stökk, getur haft samband við safnvörð. Einnig er tillögur að viðfangsefnum í vetur vel þegnar.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

## Félagsleg liðveisla

Starfsmaður óskast í félagslega liðveislu í Dalabyggð.

Markmið liðveislu er að efla einstaklinga til sjálfshjálpar, veita persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun.

Við leitum að hressum einstaklingi, 18 ára eða eldri. Sveigjanlegur vinnutími, en um er að ræða 12-16 tíma á mánuði. Umsóknir sendist á netfangið vildis@borgarbyggd.is eða á skrifstofu Borgarbyggðar Borgarbraut 14, 310 Borgarnes. Nánari upplýsingar veitir Inga Vildís Bjarnadóttir í síma 433 7100.

## Sælingsdalslaug nóvember 2015

Í nóvember verður Sælingsdalslaug opin á þriðjudögum kl. 15:30-20, miðvikudögum kl. 18-22, fimmtudögum kl. 16-18 og laugardaga kl. 14-18. Opnunartímar Sælingsdalslaugar og breytingar þar á eru auglýstar á vef Dalabyggðar (dalir.is) og Ungmenna- og tómstundabúðanna (ungmennabudir.is).

## Deiliskipulagstillaga fyrir Tjaldanesland 2

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 15. september að auglýsa samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, tillögu að deiliskipulagi fyrir Tjaldanesland 2, Saurbæ Dalabyggð.

Deiliskipulagið tekur til 4.9 ha landspildu. Gert er ráð fyrir að byggja allt að 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús og 40 m<sup>2</sup> gestahús / geymslu. Mesta hæð á mæni getur verið allt að 7 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Aðkoma að Tjaldaneslandi 2 verður um Ásveg nr. 5961 og um nýjan veg sem verður lagður frá Salthólmavík.

Skipulagsuppdráttur með greinargerð liggur frammi á skrifstofu Dalabyggðar frá 1. október til 13. nóvember 2015. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.dalir.is.

Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal eða á netfangið bogi@dalir.is fyrir 13. nóvember 2015, merkt "Deiliskipulag Tjaldanesland 2".